

Skólaráðsfundur 13. október 2020 - fundargerð

Mættir: Snædís Valsdóttir skólastjóri, Hulda Skúladóttir fulltrúi kennara, Hulda María Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ólafur Þór Jónsson forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Buskans fulltrúi grenndarsamfélagsins, Edda Sigurdís Oddsdóttir og Þráinn Óskarsson fulltrúar foreldra, Esja Sveinbjörnsdóttir og Grímur Einarsson fulltrúar nemenda, Iðunn Gunnsteinsdóttir og Jökull Jóhannsson varamenn nemenda.

Starfsáætlun Vogaskóla

- Starfsáætlun rædd og fundarmeðlimum boðið að koma með athugasemdir um það sem mætti betur fara eða bæta við.
- Listar yfir bekkjafulltrúa hafa ekki verið uppfærðir, þar sem þeir hafa ekki verið valdir fyrir þetta skólaár.
- Útfærsla skólasóknar hefur breyst þar sem ný viðmið hafa verið tekin upp hjá Reykjavíkurborg. Ný viðmið eru hugsuð til þess að fylgjast betur með veikindum og leyfum nemenda. Unnið er í því að innleiða þetta í skólanum.
- Starfsáætlunin samþykkt.

Skólastarfið og nemendamál

- Borið hefur á slagsmálum í hverfinu. Þar hefur ekkert nýtt komið fram en starfsmenn Buskans skynja mikla spennu. Þau fylgjast vel með gangi mála og grípa inn í bekkjum þegar þess þarf. Samstarf á milli skólans og Buskans er gott.
- Hugmynd um að hefja foreldrarölt til að sporna við þessu. Vantar umræðu á milli foreldra í unglingadeild, m.a. vegna skorts á bekkjarfulltrúum.
- Enginn fastur símatími er hjá Buskanum, en foreldrum er velkomið til að hafa samband í gegnum síma eða tölvupóst.
- Myndast hefur umræða hjá nemendum í unglingadeild um fyrirkomulag stundatöflu. Sumir segjast vilja fá samskonar stundatöflu og var í byrjun síðasta skólaárs. Þ.e. 3 kennslustundir, frímínútur, 3 kennslustundir, matur. Málefni sem vel mætti ræða á bekkjafundum.
- Bekkjafundir hafa ekki verið haldnir eða takmarkað á þessu skólaári. Þyrfti að skoða fyrirkomulag fundanna og koma þeim í fastan sess.

Covid tímar

- Umræða um hvernig skólastarfið leggist í nemendur á þessum skrítnu tímum.
- Nemendur oft stressaðri en vanalega vegna Covid. Ýmsir þættir sem spila þar inn í. Nemendur eiga það til að komast í uppnám vegna ástandsins, eiga þar af leiðandi erfiðara með einbeitingu, missa úr og lenda í erfiðri hringrás að reyna að halda í við námsefnið.
- Smitvarnir hafa verið ræddar við nemendur. Erfitt hefur reynst að hólfa skólann niður en auðveldara í unglingadeildinni.
- Reynt verður að halda skólastarfinu hefðbundnu eftir bestu getu. En komi til þess að þurfi að takmarka skólastarfið, eru kennarar undirbúnir undir að halda uppi sem mestri fjarkennslu og aðstoða nemendur við að fylgja námsáætlun eftir bestu getu.
- Stefnt er á að halda Skrekk í byrjun desember.

Önnur mál

- Nemendaverndarráð rætt. Í því sitja fulltrúar skólans, hjúkrunarfræðingurinn og fulltrúi þjónustumiðstöðvar. Nemendaverndarráð fundar einu sinni í viku.
- Signý talmeinafræðingur starfar í skólanum á föstudögum. Skimar 1. bekk ásamt því að ákveðnir nemendur sækja talþjálfun hjá henni.
- ÍSAT kennari starfar í skólanum og kennir þeim nemendum íslensku sem hafa íslensku sem annað tungumál.
- Ekki er komið plan fyrir næstu skólaráðsfundi en verður vonandi komið sem fyrst. Meðlimir skólaráðs hvattir til að koma með hugmyndir og ábendingar um fundarefni.

Fundargerð ritaði Hulda María Gunnarsdóttir